

Námsáætlun í íslensku 1. bekkur
Miðönn 2024 - 2025

Stafsetning og skrift: Að nemandi <ul style="list-style-type: none">• Skrifi stóran staf í upphafi nafna.• Hafi bil á milli orða.• Læri að draga rétt til stafs• Þjálfist í að tileinka sér læsilega rithönd	Málfræði: Að nemandi <ul style="list-style-type: none">• Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, rím, setning og samsett orð.• Fleirtala/eintala• Andheiti/samheiti• Þekki stafrófið• Efli orðaforða og orðaskilning
Ritun: Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">• Þekki skriftaráttina• Skrifi orð eða setningu• Þjálfist í að hafa bil á milli orða• Fáí fjölbreytt tækifæri til að semja og skrifa texta m.a. á rafrænu formi.	Talað mál, hlustun og áhorf Að nemandi <ul style="list-style-type: none">• Taki þátt í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum á fjölbreyttan hátt.• Þjálfist í að segja frá eigin upplifunum munnlega t.d. á rafrænu formi• Þjálfist í að hlusta og horfa með athygli
Lestur : Samstarf skóla og heimilis skiptir miklu máli í lestrarnámi barna og til að vel sé þurfa allir aðilar að vita til hvers er ætlast af þeim. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir. Kennarar láta barnið lesa upphátt fyrir sig amk 3x í viku auk þess að gæta þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að velja sér bækur eða annað lesefni eftir áhuga og getu. <u>Mikilvægt er að foreldrar láti barnið lesa upphátt a.m.k 5 x í viku og hverja bls 2x</u>	
Viðmið í 1. bekk: Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">• Þekki alla stafi og hljóð• Beiti aðferðum við umskráningu hljóða• Efli hljóðvitund sína• Lesi 20 orð á mín. að vori	
Námsmat: Lestur verður kannaður reglulega allan veturinn, með stafakönnunum og lestrarprófum. Í annarlök verður könnun lögð fyrir nemendur. Einkunn er gefin út frá vinnubókum, vinnusemi, vandvirkni, hegðun og sjálfstæðis í vinnubrögðum.	
Kennsluefni:	

- Stafahefti frá kennurum, Listin að lesa og skrifa, Stafir og orð, Lestrarlandið sögubók og Skrift 1a. Valin verkefni frá kennara, léttlestrarbækur og vinnubækur og gagnvirkt efni.

Íslenska á miðönn – 1.bekkur		
Tímabil	Viðfangsefni	Námsmat og uppbrot
11. -17. nóv	Bókastafurinn Uu Skrift Fleirtala/ eintala	
18. nóv- 24.nóv	Bókastafurinn Ee Skrift Fleirtala/ eintala	
25. nóv – 1. des	Bókastafurinn Vv Andheiti/samheiti Skrift	
2. – 8.des	Bókastafurinn Oo Andheiti/samheiti Skrift	
9. -15. des	Bókastafurinn Nn Jólaverkefni Skrift	
16. - 22. des	Jólauppbrot	19. jólagleði 20. Jólaleyfi hefst
Jólafrí 20. desember – 2. janúar		
30. des. -5. jan		2. skipulagsdagur 3. kennsla hefst á nýju ári.
6.-12. jan	Bókastafurinn Ææ Ritun Andheiti/samheiti	6. þrettándinn
13. -14. jan	Bókastafurinn Jj Ritun Stór stafur- lítill stafur	
20. - 26.jan	Bókastafurinn Ff Stór stafur- lítill stafur	
27. jan -2. feb	Bókastafurinn Éé Stór stafur- lítill stafur	
3. -9. feb	Bókastafurinn Hh Vinna í verkefnabók	6. starfsdagur 7. foreldradagur
Vorönn		